Hvað er Noona Paylink?

Síðast uppfært 15/09/2026 3:29 pm BST

Hvað er Noona Paylink?

Noona Paylink er greiðslulausn sem gerir þér kleift að rukka viðskiptavini með því að senda rukkun beint í símann þeirra með einum smelli.

Hvernig virkar Noona Paylink?

Í gegnum sölukerfið velur þú greiðslumátann **'Greiðsla í síma'** og um leið sendist greiðslubeiðni í síma viðskiptavinarins. Ef viðkomandi á Noona aðgang sendist greiðslubeiðnin í Noona appið en ef ekki þá sendist greiðslubeiðnin í SMS skilaboði. Viðkomandi opnar síðan annað hvort sms skilaboðin eða Noona appið og greiðir þar í gegn. Hægt er að velja um að greiða með Apple Pay, Google Pay eða kortinu sínu sem hægt er að vista í appinu.

Afhverju Noona Paylink?

Aukin þægindi: Þú þarft ekki neitt utanaðkomandi tæki til þess að nota Noona Paylink heldur sendurðu einfaldlega greiðslubeiðni með einum smelli úr sölukerfinu. Ótrúlegt?

Ein greiðsla í staðin fyrir tvær: Viðskiptavinir þínir þurfa ekki lengur að greiða fyrir vöruna í einn posa og þjónustuna í annan posa heldur greiðir fyrir bæði vöru og þjónustu í einni og sömu greiðslunni. Við sjáum síðan um að skipta greiðslunni og leggja inn á réttan bankareikning. Sniðugt fyrir þá sem eru með verktaka.

Öruggar færslur: Greiðslur sem gerðar eru í gegnum Noona Paylink eru öruggar og áreiðanlegar, það gefur bæði þér og viðskiptavininum hugarró.


Straumlínulögun: Með því að nota Noona Paylink heldur þú utan um reksturinn á sama stað sem gerir það auðveldara að halda utan um bókhaldið og fylgjast með hvort það hafi verið greitt fyrir tímann.

Hvernig byrja ég að nota Noona Paylink?

Sækja um greiðslugátt: Þú þarft að byrja á því að sækja um greiðslugátt hjá færsluhirði. Ef þú ert ekki með greiðslugátt en þig langar til þess að taka við greiðslum í gegnum Noona þá getur þú fyllt út þetta form: https://noonaiceland.my.site.com/forms/s/saekjaumfaersluhirdingu

Færsluhirðirinn mun síðan senda þér tölvupóst með samningstilboði sem þú þarft að samþykkja.

Virkjaðu netgreiðslur: Eftir að greiðslugáttin er tilbúin og þú hefur tengt netgreiðslur við Noona HQ aðganginn þinn þá mun '**Greiðsla í síma**' sjálfkrafa birtast í sölukerfinu.



Svona mun greiðslubeiðnin til viðskiptavinarins líta út:



Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar vakna

---